

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) í Breiðdalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 6.000 á ári
- b) Fyrirtæki. kr. 800 á hvern m³

Gjaldið miðast við magn sorps og er innheimt mánaðarlega samkvæmt reikningi. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga. Fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorp-
inu á móttökustað. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps getur heimilað fyrirtækjum að annast sjálf
flutning á sorpi á urðunarstað og greiði þau þá 400 kr. á hvern m³ fyrir sorpeyðingu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breyt-
ingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 144/1994 um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

1. gr.

Viðauki við reglugerð þessa skal koma í stað 1. viðauka við reglugerð nr. 144/1994 um
rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og
raffanga nr. 146/1996 og byggir á tilskipun 97/53/EBE um breytingu á tilskipun 79/196/EBE.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. febrúar 1998.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

VIÐAUKI
Evrópustaðlar.

| Númer | Titill | Útgáfa | Dagsetning |
|-------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|-----------------|
| ÍST EN 50014 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Almennar kröfur | 2 | Desember 1992 |
| ÍST EN 50015 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Ólíufylling „o“ | 2 | Apríl 1994 |
| ÍST EN 50016 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Háþrýstítæki „p“ | 2 | Október 1995 |
| ÍST EN 50017 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Sallafylling „q“ | 2 | Apríl 1994 |
| ÍST EN 50018 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Logatraust umlykja „d“ | 2 | Ágúst 1994 |
| ÍST EN 50019 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Aukið öryggi „e“ | 2 | Mars 1994 |
| ÍST EN 50020 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Sjálftrygg útfærsla „i“ | 2 | Ágúst 1994 |
| ÍST EN 50028 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Innsteypt útfærsla „m“ | 1 | Febrúar 1987 |
| ÍST EN 50039 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Sjálftrygg rafkerfi „i“ | 1 | Mars 1980 |
| ÍST EN 50050 | Raftæki fyrir sprengihættustaði - Rafsviðssprautunarbúnaður sem halda þarf á. | 1 | Janúar 1986 |
| ÍST EN 50053-1 | Kröfur um val, uppsetningu og notkun rafsviðssprautunarbúnaðar fyrir eldfim efni - 1. hluti: Rafsviðssprautur fyrir málningu með orkumörkin 0,24 mJ sem halda þarf á og aukabúnaður þeirra. | 1 | Febrúar 1987(*) |
| ÍST EN 50053-2 | Kröfur um val, uppsetningu og notkun rafsviðssprautunarbúnaðar fyrir eldfim efni - 2. hluti: Rafsviðssprautur fyrir duft með orkumörkin 5 mJ sem halda þarf á og aukabúnaður þeirra. | 1 | Júní 1989(*) |
| ÍST EN 50053-3 | Kröfur um val, uppsetningu og notkun rafsviðssprautunarbúnaðar fyrir eldfim efni - 3. hluti: Rafsviðssprautur fyrir spunakló með orkumörkin 0,24 mJ eða 6 mJ sem halda þarf á og aukabúnaður þeirra. | 1 | Júní 1989(*) |

(*) Hér er einungis átt við greinar sem fjalla um smíði tækja sem eru tilgreind í stöðlunum ÍST EN 50053, 1., 2. og 3. hluta.